

GORDON


FYRIR BETRI SAMSKIPTI



GORDON TRAINING ICELAND

Öflugur þjónustuaðili í mannauðsmálum
fyrir fyrirtæki, stofnanir og félagasamtök

LET mannauðslíkanið eftir mannauðinn
og eykur verðmætasköpun



LET mannauðslíkanið- sex þrepa innleiðing tryggir langtíma árangur



1 Samráð um grunnstöðu og framtíðarmarkmið

Í byrjun er farið yfir stöðu mála með stjórnendum í fyrirtækinu eða stofnuninni varðandi þarfir, óánægju, áhyggjur og athugasemdir. Þarna eru einnig farið yfir mótuð markmið um þær breytingar sem óskað er eftir að ná fram.

2 Samskiptagreining nr. 1 - þarfagreining fyrir vinnustofu

Næst er gert samskiptagreining hjá starfsfólki, stjórnendum og yfirmönnum (deildum, sviðum, verkefnahópum).

3 LET Vinnustofa (Leader Efficiency Training)

Stærsti hlutinn í LET árangurskerfinu er þriggja daga vinnustofa í stjórnun og samskiptum. Þessi þriggja daga vinnustofa býður upp á hagnýtt, heilsteipt prógram í samskiptafærni til nota við að leysa átök og auka virkni í samskiptum.

4 Mánaðarlega – uppbyggileg rafræn verkefni til að fylgja málum eftir

Að lokinni LET vinnustofu fá þátttakendur sent mánaðarlega rafrænt efni, sem miðar að því að efla áfram þeirra færni.

5 Samskiptagreiningar eftir LET vinnustofu

a) Samskiptagreining nr. 2 – mánuði eftir vinnustofu.

Einum mánuði eftir LET vinnustofu taka þátttakendur sömu samskiptagreiningu og þeir tóku fyrir vinnustofu.

b) Samskiptagreining nr. 3 - fjórum mánuðum eftir vinnustofu.

Þremur mánuðum eftir LET vinnustofu er aftur gerð samskiptagreining til að meta samskiptafærni.

6 Eftirfylgni - LET upprifjun eins dags vinnustofa eða maður-á-mann þjálfun og/eða ráðgjöf

Að lokum er sett upp áætlun um áframhaldandi eftirfylgni sem uppfyllir vonir og væntingar hjá viðskiptavinum (fyrirtæki/stofnun).

Leiðbeinendur er sérfræðingar í mannauðsmálum og markþjálfar


GORDON starfar með fyrirtækjum og stofnunum að því að innleiða breytingar til að ná fram meiri árangri, innleiða hæfni í samskiptalegum átökum, efla starfsanda til að auka framleiðni og kenna starfsfólki að tileinka sér árangursrík vinnubrögð og leysa vandamál í samskiptum.

GORDON hefur innan sinna raða öfluga sérfræðinga í stjórn- og samskiptaþjálfun sem hafa mikla menntun og áratuga reynslu í mannauðsumhverfinu hér á Íslandi. Allir leiðbeinendur og samskiptaráðgjafar **GORDON** eru menntaðir markþjálfar og hafa farið í gegnum alþjóðlegt vottunarumhverfi Gordon Training International.

GORDON býður upp á aukna samvinnu og betri samskipti sem gerir fyrirtækjamenninguna virkari og afkomuna betri. Markmiðið er betra starfsfólk, ánægðari viðskiptavinir og meiri framleiðni í rekstrinum.

LET mannauðslíkanið - aðlögun að mismunandi stærð fyrirtækja

6 áfangar - 4 verkfæri - 1 kerfi



Platínium innleiðing (fyrir stærri fyrirtæki)

1. Tveggja tíma þarfagreining á starfsemi/rekstri.
2. 360 samskipta mat/greining fyrir allt að 20 þátttakendur.
3. Þriggja daga (24 klst) LET vinnustofa (Fasi I með 11-20 þátttakendum). *
4. LET námskeiðsefni og samskiptagreining fyrir allt að 20 þátttakendur.
6. Rafrænt upplýsingaefni til stuðnings í þróunarferli.
7. Fjögurra klukkutíma eftirþjálfun í síma með LET leiðbeinanda.
8. Leiðbeinendavottun "Train The Trainer" (Fasi II með 2 þátttakendum) **
9. 3 daga LET leiðbeinendavinnustofa og námskeiðsefni (Fasi III - 10 aðilar) **
10. 20 sett af leiðbeinendaefni fyrir 2 nýja leiðbeinendur í fasa IV

* Hægt að vera með á staðnum - Hafa samband varðandi verð.
** Það eru fjórir fasar í staðfestri LET leiðbeinendavottun.

Gull innleiðing (fyrir millistór fyrirtæki)

1. Tveggja tíma þarfagreining á starfsemi/rekstri.
2. 360 samskipta mat/greining fyrir allt að 20 þátttakendur.
3. Þriggja daga (24 klst) LET vinnustofa (Fasi I með 11-20 þátttakendum). *
4. LET námskeiðsefni og samskiptagreining fyrir 20 aðila.
6. Rafrænt upplýsingaefni til stuðnings í þróunarferli.
7. Tveggja klukkutíma þjálfun í síma með LET leiðbeinanda.
8. Einn dagur í eftirfylgni fyrir 20 þátttakendur.

* Hægt að vera með á staðnum - Hafa samband varðandi verð.

Silfur innleiðing (fyrir minni fyrirtæki)

1. Tveggja tíma þarfagreining á starfsemi/rekstri.
2. Þriggja daga (24 klst) LET vinnustofa (Fasi I 11-20 þátttakendur). *
4. Rafrænt upplýsingaefni til stuðnings í þróunarferli.
4. Eins klukkutíma þjálfun í síma með LET leiðbeinanda.

* Hægt að vera með á staðnum - Hafa samband varðandi verð.

LET SAMSKIPTAGREINING LEGGUR LÍNUNA

Í LET árangurskerfinu er notuð samskiptagreining til að meta stöðu á samskiptum hjá starfsfólkinu. Með því að framkvæma slíka greiningu reglulega fæst fram svokölluð samskiptavísitala sem leggur grunn að eftirfylgni og reglulegri úttekt á stöðunni. Viðeigandi starfsþjálfun er síðan bætt við samkvæmt niðurstöðu á á hverjum tíma.

Gordon Training hefur á 50 árum þróað þetta safn af þjálfunarverkefnum sem byggja á áratuga rannsóknnum í mannauðsmálum. Þarna eru öll stjórnþjálfunarkerfi Gordon Training saman komin. Þessi verkefni byggja öll á viðurkenndum rannsóknnum og kenningum um bestu aðferðir í fullorðinsfræðslu.

LET STARFSÞJÁLFUNARÁÆTLUN

Með áherslu á samráðs- og samvinnustjórnun og færni og notkun á samskiptalegum verkfærum er verið að leggja grunn að meira skuldbindandi, ánægðara og afkastameira vinnuafli. Þetta skapar þörf á traustri starfsþjálfunaráætlun sem er þá hluti af endurskipulagi og stjórnendapróun. Svárið við þessu samkvæmt grein í Harvard tímaritinu á árinu 2015 er LET árangurskerfi Gordon training.

LET mannauðslíkanið - vinnustofur í stjórnun og samskiptum



- Í LET vinnustofum er boðið upp á einstakan ramma í hegðunarmynstri, sem gerir starfsmenn og stjórnendur hæfa til að nema hvernig hegðun og samskiptafærni er viðeigandi í hverju tilfelli og til að ákveða hvenær og hvar á að nota þetta.
- Í LET vinnustofum er skorað á viðvarandi hegðun og fólki gert mögulegt að sjá og viðurkenna eigin slæmu venjur, læra hvað á að gera í staðinn og hvernig forðast á að endurtaka mistök.
- Í LET vinnustofum fær fólki hagnýt og öflug verkfæri: Virka hlustun, Ég-skilaboð, hvernig á að skipta um samskiptaleið og aðferð til að forðast samskiptaleg átök. Samræmi og viðeigandi notkun þessara verkfæra er mjög áhrifarík til að byggja upp traust og margir nota þetta sem grundvöll fyrir þróun í hópverkefnum. Þetta virkar vel þegar skortur á trausti er í samskiptum.
- Í LET vinnustofum er þátttakendum kennt að greina á milli þarfa og lausna í samskiptalegum átökum. Ein hindrunin er tilhneigingin til að standa fast á sinni eigin lausn. LET hjálpar þátttakendum að sigrast á þessari hindrun.
- Í LET vinnustofum er lögð áhersla á skýrleika í samskiptum. LET hugmyndafræðin hvetur fólk til að fá fram staðreyndir áður en að það býr til ákveðnar forsendur, stekkur á ákveðna niðurstöðu, sér ekki sjónarmið annarra eða notar sína orku á óviðeigandi hátt. Það þarf að hlusta vel á aðra segja frá sínum vandamálum til að skilja hvað þau raunverulega snúast um.

Helstu efnispættir í LET vinnustofum eru:

GRUNNUR	Grundvallarreglur og forsendur. Hugmyndafræðilegt umhverfi. Kjarnagildi.
HJÁLPARFÆRNI	Hlustunarfærni sem gerir þátttakandanum kleift að hjálpa öðrum að leysa vandamál.
VANDAMÁLAFÆRNI	Samskipta- og vandamálafærni sem hjálpar fólki við að tjá eigin vandamál og leysa þau með öðrum.
ÁGREININGSFÆRNI	Að ná fram sigra/sigra lausnum í ágreiningi við aðra og geta aðstoðað aðra við að leysa ágreining.
GILDISFÆRNI	Viðurkenning á grundvallarmun á gildum og færni til að taka árangursríkar ákvarðanir í slíkum málum.

Ávinningur stjórnenda á að læra LET:

- Opin samskipti við starfsmenn.
- Læra að hlusta á aðra með samúð og skilningi ef við á.
- Læra að tjá tilfinningar og áhyggjur án þess að kenna öðrum um.
- Læra að leysa átök og ágreining á sanngjarnan hátt.

Ávinningur fyrirtækis/stofnunar og starfsfólks á að læra LET:

- Minni starfsmannavelta.
- Starfsmenn verða virkari og með meira frumkvæði.
- Vandamál og átök sem koma upp eru leyst í stað þess að vera hunsuð.
- Meiri sköpun, betri ákvarðanir og meiri sveigjanleiki vegna þess að starfsfólk vinnur betur.
- Minni tími fer í að leysa deilumál og meiri tími verður til að hugsa, skipuleggja og stjórna.

Hverjir geta nýtt sér LET hugmyndafræðina?

- Allir stjórnendur sem átta sig á því að stjórnun er mikil vinna og snýst um gæði í samskiptum við fólk.
- Stjórnendur sem vilja bæta sína skilvirkni og efla árangur síns samstarfsfólks.
- Fólk sem vill læra fjölbreytta, hagnýta færni til að nota strax í sínu starfi.

LET mannauðslíkanið - vottun fyrir lykilstarfsmenn til að leiða þróun



Leiðbeinendavottun fyrir lykilstarfsmenn tryggir meiri árangur af innleiðingu og viðhaldur stefnumótun

Að fá LET leiðbeinendavottun fyrir einn eða fleiri af starfsmenn er besta leiðin til að tryggja árangur á LET innleiðingu og viðhalda þeirri stefnumótun sem verið að innleiða. Þetta eykur verðmæti fjárfestingar og heldur kostnaði í lágmarki.

Sjálfstæðir LET leiðbeinendur og vottaðir leiðbeinendur í fyrirtækjum og stofnunum fara í gegnum 4 stiga vottunarferli (4 vinnustofur) sem samanstendur af þátttöku í tveimur vinnustofum (3 daga og 5 daga), framkvæmd á 3 daga vinnustofu undir eftirliti master leiðbeinanda og síðan framkvæmd á eigin 3 daga vinnustofu án leiðbeinanda með umsögn þátttakenda.

Sérþjálfuð teymi og viðurkenndir leiðbeinendur

Vottunin er leidd af sérþjálfuðu teymi með viðurkenndum master LET leiðbeinendum. Þarna bæta þátttakendur sína leiðbeinendafærni í gegnum lifandi kynningar, hlutverkaleiki, maður-á-mann þjálfun, litlum umræðuhópum og vinnubókaæfingum.

Vottað nám fyrir lykilstarfsmenn til að leiða þróun - fjórir áfangar

Áfangi I: LET - þriggja daga vinnustofa í stjórns- og samskiptafærni

Í þessari "LET vinnustofu" (21 klst) læra þátttakendur allt um Gordon hugmyndafræðina, fá einstaklingsbundna athygli frá reyndum viðurkenndum leiðbeinanda, fyrirlestra, tækifæri til að ræða málin og það sem er enn mikilvægara, - tækifæri til að nota raunverulegur aðstæður úr persónulegu umhverfi í hlutverkaverkefnum.

Áfangi II: TTT - fimm daga vinnustofa í kennslugrunni fyrir leiðbeinanda

Í vinnustofunni TTT "Leiðbeina leiðbeinandanum", setur viðurkenndur LET leiðbeinandi fram bæði nýjar og reynslubundnar kennsluáðferðir s. s. fyrirlestra, sýnikennslu, hópumræðu, hlutverkaverkefni, hæfnisþjálfun og umræður í minni hópum. Þátttakendur munu æfa kennslu og fá endurgjöf frá master leiðbeinanda og öðrum þátttakendum. Öll þessi vinnustofa er hugsuð til að styrkja þátttakendur í að nota og ná árangri og færni í að nota LET líkanið og geta starfað sem LET leiðbeinandi. Þú getur líka fengið til þín master leiðbeinanda ef þú hefur fjóra eða fleiri þátttakendur á þessa vinnustofu. Þátttakendur í þessari vinnustofu þurfa að hafa tekið þriggja daga LET vinnustofu.

Áfangi III: LET - þriggja daga vinnustofa með leiðbeinanda

Nýr LET leiðbeinandi sem hefur lokið LET og TTT vinnustofu undirbýr og skipuleggur LET vinnustofu fyrir 5-20 þátttakendur. LET master leiðbeinandi mun leiðbeina, hafa umsjón með og styðja nýjan leiðbeinanda til að fínstilla hann/hana í sinni færni í þessu umhverfi.

Áfangi IV: LET - þriggja daga sjálfstæð vinnustofa án leiðbeinanda

Verðandi LET leiðbeinandi sem hefur lokið áfanga í LET vinnustofum I, II og III skipuleggur, undirbýr og leiðbeinir á eigin vegum á sinni fyrstu LET vinnustofu. Að henni lokinn sendir hann niðurstöður á mati þátttakenda á vinnustofunni til GORDON. Byggt á mati þátttakenda og umsögn frá viðurkenndum LET leiðbeinanda, fær þessi aðili sína vottun til að geta verið með sjálfstæða LET vinnustofu.

LET mannauðslíkanið - samskiptamat og endurmenntun á netinu



LET SAMSKIPTAGREINING

GORDON greinir stöðu samskipta hjá starfsfólki á netinu. Greining getur verið eftir sviðum, deildum eða verkþópum. Með reglulegri greiningu, kemur fram þróun um stöðu samskipta og þannig hægt að meta þörf fyrir endurmenntun.

1. Greina stöðuna

LET samskiptagreining mælir hvort slæm samskipti standi í vegi fyrir að ná árangri. Greiningin er á netinu og nafnlaus.

2. Innleiða breytingar

Ef niðurstaða greiningar gefur vísbendingar um að bæta megi stöðuna, fara stjórnendur og starfsmenn á LET vinnustofu til að bæta samskipti og átakafærni.

3. Mæla árangur

Tveimur og fjórum mánuðum eftir LET vinnustofu, er aftur framkvæmt greining á samskiptum til að mæla árangur sem hefur náðst. Slík greining er síðan gerð reglulega til að meta hvaða eftirfylgni er nauðsynleg til að viðhalda árangri.

LET FRÆÐSLUNETIÐ

Gordon býður upp á fræðslumhverfi á netinu. Þar er að finna stuðningsefni eftir LET vinnustofu, en jafnframt möguleiki fyrir fyrirtæki eða stofnun að vera þarna með fræðslu, kynningar eða annað sem byggir á stefnumótun fyrirtækis eða stofnunar. Þetta umhverfi getum því haldið utanum allt aðgengilegt fræðsluefni fyrir starfsfólk.

Nýjum námskeiðum og upplýsingum er reglulega bætt við Gordon sviðið miðað við áherslur í starfsmannapróun á hverjum tíma. Hægt er að raða saman nokkrum námskeiðum til að mynda heilstætt prógram um styrkingu og/eða persónulegan þroska.

Þetta umhverfi er valkvætt fyrir starfsmenn og engin skuldbinding um að nota það. Starfsfólk er hvatt til að skoða það sem þarna er boðið upp á og nýta það ef það telur styrkja sig í starfi eða persónulega. LET fræðslunetið er hægt að hafa sem sjálfstæða vefsíðu eða tengja hana inn sem hluta af vefumhverfi fyrirtækis eða stofnunar.

Um Thomas Gordon og Gordon Training International



Dr Thomas Gordon stofnandi Gordon Training International var löggiltur klínískur sálfræðingur með BA próf frá DePauw háskólanum, M.A. próf frá Ohio State Háskólanum og doktorsgráðu frá háskólanum í Chicago. Hann fæddist á árinu 1918 og lést á árinu 2002 84 ára gamall.

Hugtakið um Gordon hugmyndafræðina er í dag þekkt og viðurkennt um allan heim og Thomas Gordon er í dag viðurkenndur sem brautryðjandi í kennslu á samskiptafærni og á lausnum á samskiptavandamálum með sínum aðferðum fyrir foreldra, kennara, unglinga, stjórnendur og starfsfólk í fyrirtækjum.

Gordon Training International kynnti fyrst Leader Effectiveness Training (LET) á árinu 1977, en það hefur verið endurskoðuð mörgum sinnum síðan. Hundruð fyrirtækja um allan heim hafa innleitt LET umhverfið, þar á meðal mörg Fortune 500 fyrirtæki. Dr Gordon er viðurkenndur sem frumkvöðull í að þróa líkan af lýðræðislegri samstarfsforystu og skilgreina hana sem leið til samskiptafærni og að skapa lausnir á samskiptavandamálum.

Gordon Training Iceland - okkar sérfræðingar í mannauðsstjórnun



ALLIR EIÐBEINENDUR ERU MEÐ AÞJÓÐLEGA LET VOTTUN OG MENNTAÐIR MARKÞJÁLFA

Allir sérfræðingar GORDON í mannauðsmálum eru menntaðir markþjálfar ásamt því að hafa farið í gegnum alþjóðlegt vottunarumhverfi Gordon Training International sem LET leiðbeinendur. Þessir aðilar hafa mikla menntun og áratuga reynslu úr mannauðsumhverfinu.

Sérfræðingar GORDON í mannauðsmálum starfa með fyrirtækjum og stofnunum að því að:

- Skipuleggja markvissa starfsmannafræðslu
- Móta starfsmannamenningu.
- Vinna stefnumótun í starfsmannaþróun.
- Innleiða markvissa stjórnendamarkþjálfun.
- Leggja grunn að auknu samstarfi hjá starfsfólki.
- Innleiða öfluga samskiptafærni
- Virkja leið til að leysa vandamál í ágreiningi.
- Auka framleiðni og arðsemi í rekstri.

LET SKILAR BETRI SAMSKIPTUM, MEIRI ÁRANGRI OG BETRI AFKOMU

Grunnurinn í LET hugmyndafræðinni byggir á að skapa fyrirtækjum, stofnunum og félagasamtökum möguleika á að efla samskiptafærni hjá starfsfólkinu sem síðan skili sér í meiri árangri og betri afkomu í rekstri.

LET ER HUGMYNDAFRÆÐI UM SAMSTARF OG SAMSKIPTAFÆRNI

LET er hugmyndafræði þar sem fólk lærir að vita hvernig og hvenær á að nota samstarfs- og samskiptafærni til að auka árangur. Þegar það hefur tileinkað sér þetta, verður þetta óaðskiljanlegur hluti af daglegu samskiptumhverfi.

50 ÁRA RANNSÓKNIR STAÐFESTA ÁRANGUR AF LET

LET hugmyndafræðin byggir á 50 ára rannsóknum um aukinn árangur. LET er umhverfi með kerfisbundna innleiðingu og stuðningi til að viðhalda langtíma þróun á jákvæðum breytingum í rekstrinum.

ALÞJÓÐLEGA VOTTAÐIR LET LEIÐBEINENDUR

Gordon er með viðurkennda og vottaða LET leiðbeinendur sem stýra innleiðingaferli. Sérþjálfun LET leiðbeinenda byggir á viðurkenndri vottun samkvæmt alþjóðlegu umhverfi Gordon Training International.

LET VOTTUN FYRIR LYKILSTARFSMENN

LET leiðbeinendapþjálfun skilar starfsmönnum réttindum til að stýra framkvæmd og innleiðingu á LET stefnumótun innan starfseminnar og sjá um áframhaldandi þjálfun starfsmanna. Fyrirtæki, stofnanir og félagasamtök fá stuðning til að innleiða LET hugmyndafræðina og geta síðan notað sitt eigið starfsfólk til að viðhalda þeirri stefnumótun. Þannig verður þetta hluti af þróun á innri starfsemi fyrirtækisins og kostnaður til lengri tíma lægri.

Fyrir meiri
verðmætasköpun



GORDON

Grensásvegi 3 - 108 Reykjavík - Sími 517 1400 - gordon@gordon.is - www.gordon.is